

Hundasleðar Íslands ehf.
Egilsmóa 12
271 Mosfellsbær

23. júní 2020

Starfsleyfisumsókn Hundasleðar Íslands ehf. Egilsmóum 12.

Þann 20. maí 2020 sækir Claire Thuilliez f.h. Hundasleðar Íslands ehf. um nýtt starfsleyfi fyrir hundageymslu að Egilsmóum 12 í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Hundageymslan er fyrir 50 sleðahunda sem eru notaðir í hundasleðaferðir fyrir ferðamenn. Fylgigögn með umsókn var bréf til íbúa. Það var auglýst samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrirhugað leyfi var auglýst með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Starfsleyfið var í auglýsingu frá 20. maí til 16. júní.

Daginn sem auglýsingatíminn rann út var starfsleyfisumsóknin kynnt á 54. fundi heilbrigðisnefndar og var eftirfarandi bókað:

4. Umsókn um starfsleyfi fyrir geymslu sleðahunda Egilsmóum 12.

Þann 20. maí 2020 sækir Claire Thuilliez f.h. Dogsledding Iceland ehf. um nýtt starfsleyfi fyrir hundageymslu að Egilsmóum 12 í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Hundageymslan er fyrir 50 sleðahunda sem eru notaðir í hundasleðaferðir fyrir ferðamenn. Fylgigögn með umsókn er bréf til íbúa. Það er auglýst samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrirhugað leyfi er auglýst með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Starfsleyfið er í auglýsingu frá 20. maí til 16. júní. Lögð eru fram gögn sem bærust á auglýsingatímanum, bréf íbúa með undirskriftarlista 9. júní og sex önnur bréf íbúa. Minnisblað heilbrigðiseftirlits lagt fram.

Málið kynnt, athugasemdafrestur er ekki liðinn.

Óskað var hefur verið umsagnar skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar en hún hefur ekki borist enn þá. Umsögn hefur borist frá Matís og gerir stofnunin ekki athugasemdir við reksturinn.

Athugasemdir á auglýsingatíma.

Á auglýsingatímanum komu fjölmargar athugasemdir við starfsleyfið. Samtals komu níu athugasemdir frá íbúum, einn undirskriftarlisti íbúa með 27 nöfnum og athugasemdir frá tveimur fyrirtækjum. Heilbrigðiseftirlitinu voru sendar fjölmargar hljóðupptökur af gelti og ýlfri frá hundunum. Athugasemdir snúa einkum að ónæði sem íbúar og starfsemi í Mosfellsdal telja sig verða fyrir vegna hávaða frá hundunum. Ýlfur og gelt á öllum tímum sólarhrings valdi þeim ónæði og raski svefni á nóttinni. Aðrar athugasemdir snúa einkum að hættu sem þeir telja að hundarnir geta valdið íbúum, börnum, húsdýrum og gæludýrum ef þeir eru lausir eða sleppa. Starfsemi með viðkvæma einstaklinga í sumardvöl telur að þeir sem þar dvelji finni fyrir óöryggi útaf hávað frá hundunum.

Staðfesting á ónæði.

Heilbrigðiseftirlitið freistaði þess að staðfesta athugasemdir íbúa í Mosfellsdal um ónæði með því að koma fyrir hljóðrita í grennd við Egils móa 12. Samtals hefur verið hljóðritað í þrjú skipti. Þann 8.-9. júní yfir nótt, þann 13.-14. júní yfir sólarhring og þann 18.-19. júní yfir sólarhring. Niðurstöður eru sýndar í meðfylgjandi töflu. Skipti er skilgreint sem gelt eða ýlfur í lengri tíma en um 10 sek.

	8.-9. júní	13.-14. júní	18-19. júní
Gelt og ýlfur skipti yfir nótt (24-08)	4	4	1
Gelt og ýlfur skipti yfir dagtíma (08-24)	2	23	34
Þar af líklega fóðurgjöf	1	1-2	1-2
Tímar mælt	13	24	26:40
Upphaf mælingar	20:34	18:28	15:11
Lok mælingar	9:35	18:30	17:49

Að mati heilbrigðiseftirlits er ótvírætt að íbúar í nágrenninu verða fyrir umtalsverðu ónæði af starfsemi hundageymslunnar. Þó ónæðishugtakið í þessum skilningi sé alltaf háð ákveðinni túlkun og ekki er hægt að búast við að ekkert hljóð fylgi þessar starfsemi frekar en annarri starfsemi er tíðni og gerð þessara hljóða yfir því sem getur talist eðlilegt í þessu umhverfi samanber skilgreiningu á ónæðishugtakinu: *Ónæði: Veruleg eða ítrekuð truflun eða áreiti af völdum hávaða sem sker sig úr því umhverfi sem um ræðir.* Hvar ónæðismörkin liggja fyrir gelt og ýlfur frá hundageymslu er umdeilanlegt en að mati heilbrigðiseftirlits ætti að öllu jöfnu ekki að heyrast í hundunum á nóttinni og fjöldi skipta yfir daginn ættu að vera hófleg og tengjast skilgreindum atburðum í dagskrá hundanna svo sem eins og fóðurgjöf, ökuferðum og hreyfingu í gerði. Nokkur skipti yfir nótt og 20-30 skipti yfir dag er einfaldlega of mikið.

Sjónarmið umsækjenda

Áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til afgreiðslu er umsækjenda gefin kostur á að koma með sín sjónarmið. Það geta til dæmis verið sjónarmið vegna athugasemda sem gerð eru við starfsleyfið, sjónarmið vegna niðurstöðu heilbrigðiseftirlits að starfsemin valdi íbúum ónæði eða tillögur að mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir að starfsemin valdi ónæði. Tillögur að mótvægisáðgerðum geta bæði verið áðgerðir sem gætu skilað árangri til skemmri tíma eða árangri til lengri tíma. Frestur til þess að koma sjónarmiðum á framfæri er til 2. júlí n.k.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson
staðgengill framkvæmdastjóra

Fylgirit:

[Athugasemdir íbúa.](#)[Hljóðskrár þeirra sem gera athugasemdir.](#)[Hljóðskrár heilbrigðiseftirlits.](#)[Minnisblað heilbrigðiseftirlits](#) af 54. fundi heilbrigðisnefndar.[Úrvinnslutafla heilbrigðiseftirlits](#) með hljóðritum.